

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl er stuðningsúrræði við þá sem búa í heimahúsum en þurfa að staðaldri eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Þar er boðið upp á einstaklingsmiðaða þjónustu byggða á mati á þörfum einstaklinga og lögð er áhersla á þjónustu til sjálfshjálpar. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að virkja einstaklinga félagslega og í athöfnum daglegs lífs. Markmiðið er að einstaklingum líði vel og fái þá þjónustu sem er við hæfi hvers og eins.

Starfshlutfall: 100 %

Vinnufyrirkomulag: Unnið frá 8.00 – 16.00 alla virka daga

Ráðningartímabil: Frá 15. maí

Helstu verkefni:

- Starfsmaður sér um almenna umönnun skjólstæðinga vegna líkamlegra og félagslegra þarfa eftir því sem við á og í samráði við næsta yfirmann
- Starfsmenn dagdvalar aðstoðað skjólstæðinga okkar við böðun og aðra persónulega þjónustu.
- Að aðstoða skjólstæðinga við ýmiskonar félagsstarf og tómstundaiðju.
- Létt þrif á aðstöðu dagdvalar til þess að gæta hreinlætis hjá okkur
- Að aðstoða við hádegismat og kaffitíma
- Eftirlit með líðan fólks
- Að lokum er helsta verkefnið okkar starfsmanna hér í dagdvöl að láta fólkinu okkar líða vel og taka á móti öllu okkar fólki með hlýju og virðingu.

Hæfniskröfur:

- Hafa reynslu af að vinna með öldruðu
- Góður í mannlegum samskiptum
- Hafa ánægju og áhuga á að sinna öldruðum
- Hefur náð 18 ára aldri
- Hreint sakavottorð

- Er samviskusamur, frumkvæðin og stundvís

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Lind Geirsdóttir, deildarstjóri dagdvalar í síma 488-2610 / 841-8881 eða ragnheidurg@vestmannaeyjar.is